

Ed.

681. Nefndarálit

um frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þar sem mjer hefir skilist á meðnefndarmönnum mínum í sjávarútvegsnefnd, að þeir vildu ekki láta þetta frv. fara óbreytt frá deildinni, en hinsvegar engin von um framgang málsins á þessu þingi, ef það hrekst á milli deilda, þar sem komið er að þingslitum, þá hefir mjer þótt rjett að koma fram með sjerstakt álit til að lýsa afstöðu minni til málsins.

Eins og kunnugt er, hefir á undanförunum árum verið tilfinnanleg þörf á lánsstofnun til að styðja bátaútveg landsmanna. Það má segja, að þessi útvegur eigi mjög erfitt uppdráttar með hagfeld lán, bæði til kaupa, útgerðar og rekstrar fiskibáta.

Á undanförunum þingum hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að reyna að ráða bót á þessu, en engan árangur borið, vegna skiftra skoðana á málinu.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, virðist hafa fengið mest fylgi af þeim frv., sem flutt hafa verið um þetta efni, þar sem það var algreitt frá Nd. með miklum meiri hluta, og þó að það megi ef til vill finna að frv., að það fullnægi ekki fyllilega þörfum bátaútvegsins, þá er það þó stærsta sporið, sem stigið hefir verið til að ljetta undir með þessum útveg. Jeg lit því svo á, að það sje alls ekki forsvaranlegt að hefta framgang málsins á þessu þingi og legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1929.

H. Steinsson.